

EFTIRLITSSKÝRSLA

Steinull hf Sauðárkrókur



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	6.11.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Steinull hf	Eftirlitsmaður	Gottskálf Friðgeirsson
Heimili	Skarðseyri 5	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	590183-0249	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Rafn Ingi Rafnsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Stefán Logi/Guðmundur Örn	Staðsetning	470210,864 584942,812

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í seinna reglubundna eftirlit ársins. Tvö frávik frá starfsleyfi komu fram í eftirlitinu og þrjár ábendingar gerðar við starfsemina.

Sækja þarf um breytingu á starfsleyfi til Umhverfisstofnunar vegna jarðgerðar framleiðsluúrgangs eða sækja um starfsleyfi fyrir jarðgerð til Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra.

UMFANG EFTIRLITS

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi

1. Skráningar skv. grein 3.2
2. Síðasta eftirlitsskýrsla
3. Umhverfismarkmið
4. Viðbragðsáætlanir skv. grein 4.4
5. Tilkynning 27. febrúar sl. - eldur í afsogsrörum
6. Skoðunarferð

1. Skráningar á viðhaldi og pokaskipti í reykheinsivirki eru gerðar í handbækur. Síðasta viðhald var síðastliðið haust en þá var skipt um alla síupoka í virkinu. Ástandsskoðanir eru gerðar á virkinu í öllum rekstrarstöðvunum en einnig er fylgst með virkninni ú frá mismunaprýstingi. Skipt er um steinullarsíur (sem notaðar eru til að sía loft frá safnfæribaldi, á tveggja vikna fresti.

Vatn sem notað er í vinnslunni og inniheldur bindiefni er í lokuðu kerfi innan verksmiðjunnar og er það endurnýtt í framleiðsluferlinu.

Úrgangur úr síuhúskjallara er nýttur til jarðgerðar. Haldið er utanum skráningar á magni úrgangs sem fer í jarðgerð. Verði miklar rigningar eða uppsöfnun í vatnskerfinu af öðrum orsökum eru 1000 L vatnstankar notaðir til að geyma vinnsluvatn tímabundið þar til það er nýtt síðar í framleiðslunni.

Vel er haldið utanum skráningar og flokkun úrgangs. Ekki eru olíuskiljur á lóðinni þar sem að ekki er unnið með olíur í verksmiðjunni. Olíuskiptum ökutækja er útvistað.

Óskað var eftir öryggisblöðum fyrir hráefni og íblöndunarefni. Efnamælingar á basaltsandi og skeljasandi voru sendar eftirlitsaðili í kjölfar eftirlitsins.

Mengunarmælingar í skorsteinum skulu gerðar annað hvert ár, næst 2019. Komi til þess að losa þurfi frárennsli frá verksmiðjunni skulu gerðar mælingar í samræmi við losunarmörk starfsleyfis.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur framkvæmt útblástursmælingar í verksmiðjunni. Mælíbúnaður er í eigu þeirra og sjá þeir til að hann sé rétt kvarðaður og prófaður. Til staðar er virkt eftirlit og skrár um rekstur síuvirkja.

2. Í síðasta eftirliti voru ekki skráð frávik en tvær ábendingar vegna starfseminnar.

Enn er beðið eftir afgreiðslu erindis um skilgreiningu á lóðarmörkum og eru því enn hráefnisgeymslur hólfar af með gámasæðum á núverandi stað.

Rekstraraðili hefur sent erindi til Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra um starfsleyfisþykningu jarðgerðar innan lóðar en því var vísað frá. Dæmi eru um að Umhverfisstofnun felli starfsemi sem þessa sem á sér stað innan lóðarmarka starfsleyfishafa undir eitt starfsleyfi. Rekstraraðili hefur því möguleika á að sækja um breytingu á núgildandi starfsleyfi til að innleiða ákvæði er varða jarðgerð.

3. Umhverfismarkmið fyrirtækisins var varpað upp á skjá. Markmiðin eru flest sett til eins árs í senn og endurskoðuð að minnsta kosti árlega. Nokkuð góður árangur náðist við markmið ársins 2017. Vottun fyrir umhverfisstjórnunarkerfi Steinullar var endurnýjuð á árinu og gildir hún til 2021. Upplýsingabæklingur Umhverfisstofnunar um umhverfismarkmið var afhentur í eftirlitinu.

4. Viðbragðsáætlun um fyrstu viðbrögð við olíuleka í bræðsluofni er í vinnslu og óskaði eftirlitsaðili eftir afriti af áætluninni þegar þeirri vinnu er lokið. Viðbragðsáætlanir voru sendar til Umhverfisstofnunar daginn eftir eftirlitsferðina.

5. Tilkynnt var um eld í afsogsrörum þann 27. febrúar sl. vegna glóðar í rörum frá hersluofni. Sambærileg atvik hafa komið upp af og til á undanförunum árum. Þann 12. júní sl. var tilkynnt um smávægilegan eld í kjallara síuhúss. Eldurinn kviknaði vegna glóðar frá safnfæriband. Vel gekk að slökkva eldinn.

6. Í skoðunarferð var frárennsliskerfi skoðað sem og svæði á lóð sem notað er undir jarðgerð. Nokkuð hvasst var þegar eftirlitið fór fram. Ekki var sýnilegt fok frá hráefnum og moltuhaugum. Jafnframt var ekki mikla lykt að finna frá moltuhaugnum.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Grein 3.1 í starfsleyfi

Hávaðamælingar hafa ekki verið framkvæmdar á starfsleyfistímanum en slíkar mælingar skulu gerðar amk annað hvert ár samkvæmt starfsleyfi

Grein 2.4 í starfsleyfi

Niðurstöður útblástursmælinga 2011, 2013, 2015 og 2017 sýna að útblásturshraði í skorsteini er lægri en 20 m/s sem er lágmarkshraði samkvæmt ákvæðum starfsleyfis ellegar skuli rekstraraðili sýna fram á að ákvæði um loftgæði séu uppfyllt.

ÁBENDINGAR

Jarðgerð innan lóðar er ekki skilgreind sem hluti af núgildandi starfsleyfi. Starfsemin er starfsleyfisskyld hjá heilbrigðisnefnd skv. reglugerð 550/2018 en þar sem að jarðgerðin er hluti af iðnaðarferli steinullarframleiðslunnar getur rekstraraðili sótt um breytingu á núgildandi starfsleyfi útgefnu af Umhverfisstofnun.

Erindi um skilgreiningu á lóðarmörkum hefur enn ekki verið afgreitt af sveitarstjórn Skagafjarðar. Rekstraraðili upplýsti að boðað hafi verið til fundar til að koma málinu áfram. Enn er stuðst við bráðabrigðalausnir við að afmarka lóðina þar til skilgreining á lóðarmörkum liggur fyrir.

Tvö atvik voru tilkynnt um smávægilega elda í verksmiðjunni á árinu. Farið var yfir viðbrögð vegna þessa í eftirlitinu.

ANNAÐ

Rekstraraðili hefur breytt verklagi við jarðgerðina. Grasi er bætt út í í stað timburkurlis og hrært reglulega í. Eftirlit er haft með hitastigi í haugnum yfir jarðgerðartímann. Þá hefur jarðgerð verið hætt yfir vetrarmánuðina og úrganginum þá safnað saman á lóð. Geymsla og jarðgerð fer fram á plani sem tengt er niðurföllum sem liggja inn í verksmiðjuna að lokuðu vatnssöfnunarkerfi.

Sigríður Hjaltadóttir frá Heilbrigðisnefnd Norðurlands Vestra var viðstödd eftirlitið.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 21.12.2018


Halla Einarsdóttir

